

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Nicorette 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí Nikótín

Nicorette lyfjatyggigúmmí er fáanlegt í eftirfarandi bragðtegundum:

Nicorette Classic
Nicorette Freshmint
Nicorette Fruitmint
Nicorette Whitemint

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota Nicorette lyfjatyggigúmmí nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækurinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Fylgiseðillinn er uppfærður reglulega. Þú getur séð nýjasta fylgiseðilinn fyrir Nicorette lyfjatyggigúmmí á www.serlyfjaskra.is.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Nicorette lyfjatyggigúmmí og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Nicorette lyfjatyggigúmmí
3. Hvernig nota á Nicorette lyfjatyggigúmmí
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Nicorette lyfjatyggigúmmí
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Nicorette lyfjatyggigúmmí og við hverju það er notað

Nicorette lyfjatyggigúmmí er notað sem hjálpartæki til að hætta að reykja. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Úr Nicorette lyfjatyggigúmmí færðu það nikótín, sem þú venjulega færð úr tóbakinu, því nikótín losnar úr lyfjatyggigúmmíinu þegar það er tuggið. Meðferðin er ætluð þeim sem reykja, 15 ára og eldri.

Þú getur notað Nicorette ef þú vilt:

- hætta að reykja
- tímabundið hætta að reykja
- draga úr reykingunum.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki. Verið getur að lækurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Nicorette lyfjatyggigúmmí

Verið getur að lækurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins.

Ekki má nota Nicorette lyfjatyggigúmmí:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni í Nicorette lyfjatyggigúmmí (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Nicorette lyfjatyggigúmmí er notað.

Ráðfærðu þig við lækni ef:

- þú reykir og ert með hjarta- og/eða æðasjúkdóm. Þú skalt hætta að reykja með aðstoð ráðgjafar. Ef það tekst ekki skaltu ráðfæra þig við lækni.
- þú ert með alvarlega háan blóðþrýsting, brjóstverki eða hjartasjúkdóm.
- þú ert með æðakölkun í heila, hefur fengið heilablæðingu eða blóðtappa í heila.
- þú ert með teppusjúkdóm í slagæðum útlíma.
- þú hefur nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð, belgvíkkun á kransæðum eða annars konar hjartaaðgerð.
- þú ert með sykursýki. Þú getur þurft minni insúlínskammta eða færri töflur við sykursýki þegar reykingum er hætt. Mundu að mæla blóðsykur til að forðast sykurfall.
- þú ert með of hröð efnaskipti sem ekki eru meðhöndluð.
- þú ert með æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli).
- þú ert með skerta lifrarstarfsemi.
- þú ert með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.
- þú ert með magasár og skeifugarnarsár.
- þú ert með gervitennur, því lyfjatyggigúmmíið getur fest við gervitennurnar og getur í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær.

Athugið að

- nikótínskammtar, sem fullorðið reykingarfólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum. Þú skalt því geyma lyfjatyggigúmmíið þar sem börn hvorki ná til né sjá og farga notuðu lyfjatyggigúmmí þar sem börn ná ekki til.
- þú getur haft þörf fyrir að nota Nicorette umfram ráðlagðan meðferðartíma. Hugsanleg áhætta við langtímanotkun Nicorette er mun minni en hættan sem fylgir því að byrja aftur að reykja. Nicorette inniheldur eingöngu nikótín. Tóbak inniheldur aftur á móti nikótín og mörg önnur skaðleg efni, sem berast niður í lungun við reykingar, t.d. tjöru og kolsýrling.
- ef þú gleypir nikótín getur það valdið versnun bólgueinkenna í vélinda, munni, koki eða maga.

Börn og unglingar

Börn yngri en 15 ára eiga ekki að nota Nicorette nema samkvæmt fyrirmælum læknisins.

Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingafólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Nicorette lyfjatyggigúmmí

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Þetta á einnig við um lyf sem fengin eru án lyfseðils, keypt í útlöndum, náttúrulyf, vítamín og steinefni í stórum skömmtum sem og fæðubótarefni.

Segðu læknum frá því ef þú notar lyf gegn:

- Astma og langvinnri lungnateppu (reykingalungu) (t.d. teofyllín).
- Geðklofa eða öðrum geðsjúkdómum (t.d. clozapín og olanzapín).
- Parkinsonssjúkdómi eða fótaóeirð (t.d. ropiníról)
- Óreglulegum hjartslætti (t.d. flecainíd).
- Þunglyndi (t.d. imipramín, clomipramín, fluvoxamín).

Hafðu samband við lækni þar sem nauðsynlegt getur verið að breyta skömmtum.

Nicorette getur haft áhrif á verkun annarra lyfja líkt og önnur lyf geta haft áhrif á verkun Nicorette.

Ef Nicorette lyfjatyggigúmmí er notað með mat eða drykk

Þú skalt forðast að drekka meðan Nicorette er tuggið svo lyfjatyggigúmmíð virki sem best.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. Þú skalt hætta að reykja ef þú verður þunguð þar sem áframhaldandi reykingar geta skaðað fóstrið og nýburann alvarlega.

Meðganga:

Ef þú ert þunguð máttu aðeins nota Nicorette í samráði við lækni eða heilbrigðisstarfsfólk. Ef þú reykir og verður þunguð skaltu hætta reykingum án þess að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum. Ef þú getur ekki hætt reykingum án þess að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum er minni áhætta að nota uppþótarmeðferð með nikótínlyfjum en að halda áfram reykingum.

Nikótín hefur áhrif á hjarta og öndun fóstursins og nýburans. Ráðfærðu þig við lækni.

Brjóstgjöf:

Ef þú ert með barn á brjósti máttu einungis nota Nicorette samkvæmt samkomulagi við lækinn eða heilbrigðisstarfsmann vegna þess að nikótín berst í brjóstamjólk. Ef þú notar Nicorette skaltu nota það strax eftir brjóstgjöf eða í síðasta lagi 2 klst. áður en þú gefur brjóst. Þannig berst minnst af nikótíni til barnsins.

Akstur og notkun véla

Nicorette lyfjatyggigúmmí hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Nicorette lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen

Nicorette lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundnum útbrotum og haft ertandi áhrif á slímhúðir.

Nicorette Freshmint, Nicorette Fruitmint, og Nicorette Whitemint lyfjatyggigúmmí innihalda xylítól

Ef þú innbyggðir meira en 10 g á sólarhring getur xylítól haft hægðalosandi áhrif. Það samsvarar því að þú notir 16 stykki af lyfjatyggigúmmí.

Orka (xylítól) í einu tyggigúmmí: 5,8-6,1 kJ (1,4-1,6 kkal).

Nicorette Classic lyfjatyggigúmmí inniheldur sorbitól

Ef þú hefur fengið staðfest að þú sért með óþol fyrir ákveðnum sykurtegundum skaltu rádfæra þig við lækinn áður en þú notar lyfið.

Orka (sorbitól) í einu tyggigúmmí: 1,9-2,0 kJ (0,5 kkal).

3. Hvernig nota á Nicorette lyfjatyggigúmmí

Leitaðu ráðgjafar og leiðsagnar samtímis notkun Nicorette. Það auðveldar fólki yfirleitt að hætta reykingum. Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Þú skalt nota eitt Nicorette lyfjatyggigúmmí þegar þú hefur að öðrum kosti reykt sígarettu eða þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Þú mátt að hámarki nota 24 stykki á 24 klukkustunda tímabili. Þú skalt alltaf hafa Nicorette við höndina þar sem reykingaþörf getur komið skyndilega upp. Til að hámarka

Líkurnar á árangursríkri stöðvun reykinga er mikilvægt að nota nægjanlegan fjölda tyggigúmmía dag hvern.

Þú getur notað Nicorette lyfjatyggigúmmí eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri.

Skammtastærðin fer eftir því hversu háður þú ert nikótíni. Það er einstaklingsbundið hversu lengi fólk þarf að nota Nicorette.

Þú skalt ekki nota Nicorette lengur en í 12 mánuði. Þú gætir þó haft þörf fyrir að nota Nicorette í lengri tíma til að koma í veg fyrir að byrja að reykja aftur. Ráðfærðu þig við lækinn eða heilbrigðisstarfsfólk.

Notkunarleiðbeiningar fyrir Nicorette lyfjatyggigúmmí:

Tuggutækni:

Tyggðu rólega 10-15 sinnum þar til bragðið verður sterkt. Sterka bragðið gefur til kynna að nikótínið sé að losna. Nikótínið sem losnar úr lyfjatyggigúmmíinu frásogast í gegnum slímhúð munnsins. Láttu lyfjatyggigúmmíið liggja undir tungunni eða í kinninni þar til sterka bragðið hverfur.

Endurtaktu þetta í um það bil 30 mínútur þar til nikótínið er alveg farið úr lyfjatyggigúmmíinu.

Venjulegur skammtur:

Fullorðnir:

Þegar reykingum er hætt

Þú skalt hætta að reykja þegar þú byrjar að nota Nicorette.

Notaðu 1 lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf

- Þú skalt nota 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí, ef þú reykir færri en 20 sígarettur á sólarhring.
- Þú skalt nota 4 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí, ef þú reykir fleiri en 20 sígarettur á sólarhring eða ef þú getur ekki hætt með því að nota 2 mg lyfjatyggigúmmí.
- Þú skalt nota nægilega mörg lyfjatyggigúmmí. Venjulega nægja 8-12 lyfjatyggigúmmí á sólarhring.
- Þú mátt að hámarki nota 24 lyfjatyggigúmmí á 24 klukkustunda tímabili.
- Þú skalt nota Nicorette lyfjatyggigúmmí í a.m.k. 3 mánuði áður en þú dregur smám saman úr notkuninni.
- Þú skalt hætta meðferðinni þegar notkun er komin niður í 1-2 Nicorette lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Það er venjulega eftir 6 mánuði.

Þegar dregið er úr reykingum eða þegar reykingum er tímabundið hætt

- Þú skalt nota Nicorette þegar þú finnur fyrir reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil eins og mögulegt er. Þannig dregurðu úr daglegum reykingum.
- Þú getur notað Nicorette lyfjatyggigúmmí á reyklusum tímabilum eða við aðstæður þar sem óskað er eftir að ekki sé reykt t.d. á reyklusum svæðum.
- Þú skalt nota nægilega mörg lyfjatyggigúmmí.
- Þú mátt venjulega ekki nota fleiri en 24 lyfjatyggigúmmí á 24 klukkustunda tímabili.
- Þú skalt reyna að hætta að reykja um leið og þú ert reiðubúin/n til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð.

Þú skalt leita faglegrar ráðgjafar

- ef þér hefur ekki tekist að draga úr daglegum reykingum eftir 6 mánaða meðferð.
- ef þú hefur ekki gert heiðarlega tilraun til að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð.

Þegar reykingum er hætt með Nicorette Invisi forðaplástri samtímis 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí:

Þú getur notað Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí með Nicorette Invisi forðaplástri sem virkar lengur,

- ef þú getur ekki hætt reykingum með Nicorette lyfjatyggigúmmí.
- ef þú vilt draga úr daglegri notkun Nicorette lyfjatyggigúmmís vegna ertingar í munni, koki eða sviða eða verkja í vélinda.

Þú skalt hætta alveg reykingum þegar þú byrjar á meðferð með Nicorette.

Lestu fylgiseðilinn fyrir Nicorette Invisi forðaplástur áður en þú byrjar samsettu meðferðina.

Settu Nicorette Invisi forðaplásturinn á hreina, þurra, hárlausa og óskaddaða húð á morgnanna (t.d. á mjöðm eða upphandlegg). Fjarlægðu plásturinn þegar þú ferð að sofa. Ekki setja plásturinn á sama stað á hverjum degi heldur skiptu um stað t.d. á milli hægri og vinstri upphandlegs.

Meðferð:

Fyrstu 6-12 vikurnar skaltu nota

- einn 25 mg/16 klst. Nicorette Invisi forðaplástur daglega.
- 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eftir þörfum, venjulega 5-6 stykki á sólarhring.
- Þú mátt að hámarki nota 24 Nicorette lyfjatyggigúmmí á 24 klukkustunda tímabili.

Notkun hætt smám saman

Eftir 6-12 vikur skaltu draga smám saman úr meðferðinni samkvæmt annarri af eftirfarandi leiðum:

1. Notaðu lægri styrkleika af Nicorette Invisi forðaplástri.
 - Fyrst skaltu nota 15 mg/16 klst. Nicorette Invisi forðaplástur á sólarhring í 3-6 vikur samtímis Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí eftir þörfum, eins og þú gerðir fyrstu 6-12 vikurnar.
 - Eftir 3-6 vikur skiptir þú yfir í 10 mg/16 klst. Nicorette Invisi forðaplástur í 3-6 vikur samtímis Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí eftir þörfum, eins og þú gerðir fyrstu 6-12 vikurnar.
 - Að lokum skaltu hætta notkun Nicorette Invisi forðaplásturs og draga úr notkun 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmísins.
 - Ekki má nota Nicorette lyfjatyggigúmmí lengur en í 12 mánuði.

Eða

2. Hættu notkun 25 mg/16 klst. Nicorette Invisi forðaplásturs og
 - dragðu úr notkun 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmís á 12 mánuðum eða þar til þú hefur ekki lengur þörf fyrir það.

Aldraðir:

Ekki er nauðsynlegt að minnka skammta.

Notkun handa börnum og unglíngum:

Börn yngri en 15 ára eiga ekki að nota Nicorette.

Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingafólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Skert nýrna- og lifrarstarfsemi:

Nauðsynlegt er að minnka skammta. Ráðfærðu þig við lækinn.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafðu umbúðirnar meðferðis.

Ef þú hefur fengið of mikið nikótín hvort sem er úr nikótínlyfjum til að hætta að reykja og/eða vegna reykinga, getur það valdið einkennum ofskömmtunar. Þú getur fengið ógleði, aukna munnvatnsmyndun, kviðverki, niðurgang, svitaköst, höfuðverk, sundl, heyrnartruflanir, máttleysi og uppköst. Eftir stóra skammta getur þú einnig fengið lágþrýsting og þ.a.l. yfirlíð, veikan eða óreglulegan hjartslátt, mjög hraðan hjartslátt, öndunarerfiðleika, líkamlega og andlega örmögnun og krampa. Hafðu samband við lækinn, bráðamóttöku eða hringdu e.t.v. í 112 ef þú færð þessi einkenni.

Ef þú gleypir lyfjatyggigúmmíð er lítil hætt á eitrun þar sem upptaka er mjög hæg og ófullkomin þegar lyfjatyggigúmmíð er ekki tuggið.

Athugið að nikótínskammtar, sem fullorðið reykingafólk þolir, geta valdið banvænni eitrun hjá ungum börnum.

Ef gleymist að nota Nicorette lyfjatyggigúmmí

Ef þú hefur gleymt að nota Nicorette skaltu nota eitt Nicorette lyfjatyggigúmmí næst þegar þú finnur fyrir reykingarþörf. Ekki má tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Nicorette lyfjatyggigúmmí

Þú skalt draga úr notkun Nicorette smám saman áður en þú hættir meðferð. Þú getur fundið fyrir reykingarþörf ef þú hættir að nota Nicorette án þess að draga úr notkuninni smám saman.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Aukaverkanir af notkun Nicorette eru skammtaháðar. Aukaverkanirnar eru samsvarandi þeim sem þú getur fengið af reykingum.

Ef þú tyggur of hratt getur þú fengið ertingu í háls, sundl og slappleika, hiksta, vindgang og kviðverki, ógleði, uppköst.

Lyfjatyggigúmmíð getur fest við gervitennur. Það getur í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær.

Flestir sem fá aukaverkanir af völdum Nicorette lyfjatyggigúmmís fá þær fyrstu 3-4 vikur meðferðar.

Alvarlegar aukaverkanir:

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 notendum):

Mæði / Andnað / Astmalík einkenni / Öndunarerfiðleikar. Hafðu strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu e.t.v. í 112.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 notendum):

Hraður og mjög óreglulegur hjartsláttur. Hafðu strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.

Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt (vanalega mjög sjaldgæfar):

Skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar og yfirlíð (innan fárra mínútna eða klukkustunda) vegna ofnæmis (bráðafnæmisviðbrögð). Getur verið lífshættulegt. Hringið í 112.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar:

Mjög algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 notendum):

Höfuðverkur, ógleði, meltingartruflanir, hiksti, eymsli og erting í hálsi, hósti.

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 notendum):

Ofnæmi, svíðandi, stingandi tilfinning, náladofi eða tilfinningaleysi í húð, breytingar á bragðskyni, magaverkir, uppköst, aukin munnvatnsmyndun, munnbólga, brjóstsviði, vindgangur, niðurgangur, munnþurrkur, þreyta.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 notendum):

Hraður púls. Getur verið alvarlegt. Ef þú færð mjög hraðan og óreglulegan púls eða líður illa eða það líður yfir þig skaltu hafa samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu e.t.v. í 112.

Of hár blóðþrýstingur. Hafðu samband við lækinn. Of háan blóðþrýsting skal meðhöndla. Mjög hár blóðþrýstingur er alvarlegur.

Hjartsláttarónot, talörðugleikar, spennan í hálsi, hnerri, nefstífla, roði í húð, ofsakláði, mikil svitamyndun, kláði, ropi, flögnun húðar og blöðrur í munnholi, svíðandi, stingandi tilfinning, náladofi eða tilfinningaleysi í munn, tungubólga, verkir í kjálkavöðvum, þróttleysi og máttleysi, óþægindi og

þreyta, brjóstverkir og óþægindi fyrir brjósti, óeðlilegir draumar (hafa einungis komið fram með lyfjaformum sem notuð eru að nóttu til).

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 notendum):
Ofnæmisviðbrögð, útbrot og þroti meðtalinn. Getur verið alvarlegt. Hafðu samband við lækinn. Ef þroti er í andliti, vörum og tungu getur það verið lífshættulegt. Hringdu í 112.
Kyngingarerfiðleikar, minnkað snertiskyn, kúgunartilfinning.

Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt (vanalega mjög sjaldgæfar):

Þokusýn, aukin táramyndun, hálsþurrkur, verkur í vörum, óþægindi í maga, útbrot, roði í húð, vöðvaspenna.

Athugið að

Þú getur fengið fráhrarfseinkenni, svo sem sundl, höfuðverk og svefnleysi eftir að reykingum er hætt. Þú getur einnig fengið munnangur.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Nicorette lyfjatyggigúmmí

Geymið Nicorette þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Notuðu lyfjatyggigúmmíi skal farga þar sem börn ná ekki til.

Nicorette Classic:

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Nicorette Freshmint og Nicorette Fruitmint:

Geymið við lægri hita en 25°C.
Geymið í ytri umbúðum þar sem lyfið er ljósnaemt.

Nicorette Whitemint:

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði.
Geymið Nicorette Whitemint í ytri umbúðum þar sem lyfið er ljósnaemt.

Ekki skal nota Nicorette lyfjatyggigúmmí eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Geymið afgang Nicorette lyfjatyggigúmmí þar sem reykingarþörf getur skyndilega komið upp.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Nicorette lyfjatyggigúmmí inniheldur:

Virka innihaldsefnið: Nikótín.
Eitt lyfjatyggigúmmí inniheldur 20% nikótín-resín fléttu. Það samsvarar 2 mg eða 4 mg nikótíns.

Önnur innihaldsefni:

Nicorette Classic:**2mg:**

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, BHT, E321), natríumhýdrogenkarbónat (E500), natríumkarbónat (E500), sorbitól (E420), glýseról (E422), haverstroo ZD49284, bragðefni fyrir reykingarfólk 84.6422.

4 mg:

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, BHT, E321), natríumkarbónat (E500), sorbitól (E420), glýseról (E422), kínólíngult (E104), haverstroo ZD49284, bragðefni fyrir reykingarfólk 84.6422.

Nicorette Freshmint:**2 mg:**

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), natríumhýdrogenkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), akasíagúmmí (E414), títantvíoxíð (E171), karnábavax (E903).

4 mg:

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), akasíagúmmí (E414), títantvíoxíð (E171), karnábavax (E903), kínólíngult (E104).

Nicorette Fruitmint:**2 mg:**

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), natríumhýdrogenkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), akasíagúmmí (E414), títantvíoxíð (E171), karnábavax (E903), túttífrúttí bragðefni QL84441, hýprómellósa, súkralósi (E955), pólýsorbát 80.

4 mg:

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), akasíagúmmí (E414), títantvíoxíð (E171), karnábavax (E903), kínólíngult (E104), túttífrúttí bragðefni QL84441, hýprómellósa, súkralósi (E955), pólýsorbát 80.

Nicorette Whitemint:**2 mg:**

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), natríumhýdrogenkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), hýprómellósa, forgelatíneruð sterkja, títantvíoxíð (E171), Winterfresh, súkralósi (E955), karnábavax (E903), pólýsorbát 80.

4 mg:

Lyfjatyggigúmmígrunnur (inniheldur bútýlhýdroxýtólúen BHT; E321), xýlitól (E967), piparmyntuolía, vatnsfrítt natríumkarbónat (E500), asesulfamkalíum (E950), levómentól, létt magnesíumoxíð (E530), hýprómellósa, forgelatíneruð sterkja, títantvíoxíð (E171), Winterfresh, súkralósi (E955), karnábavax (E903), kínólíngult (E104), pólýsorbát 80.

Lýsing á útliti Nicorette lyfjatyggigúmmís og pakkningastærðir

Nicorette lyfjatyggigúmmí er í þynnupakkningum.

Nicorette 2 mg lyfjatyggigúmmí er hvítt (Fruitmint, Freshmint, Whitemint) eða ljósgulbrúnt (Classic) ferhyrnt lyfjatyggigúmmí.

Nicorette 4 mg lyfjatyggigúmmí er kremlitað (Fruitmint, Freshmint, Whitemint) eða gulleitt (Classic) ferhyrnt lyfjatyggigúmmí.

Nicorette Fruitmint, Nicorette Freshmint og Nicorette Whitemint eru mjúk, húðuð lyfjatyggigúmmí.

Nicorette Classic lyfjatyggigúmmí er þétt í sér og er ekki húðað.

Nicorette lyfjatyggigúmmí fæst í eftirfarandi pakkningastærðum:

30 stk., 105 stk. og 210 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

McNeil Denmark ApS, Transformervej 14, 2860 Søborg, Danmörk.

Framleiðandi

McNeil AB, Norrbroplatsen 2, Helsingborg, Svíþjóð.

Umboð á Íslandi:

Vistor hf. Sími: 535 7000.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2023.